

Menn, minni, ímyndir à la Erró

MYNDLIST

ANNA
JOA



Listasafn Reykjavíkur –
Hafnarhús

Erró – Mannlýsingar

Til 29. ágúst 2010. Opíð alla daga
kl. 10-17. Aðgangur ókeypis.
Sýningarstjóri: Danielle Kvaran.

Á þessu ári eru liðin 20 ár síðan Guðmundur Guðmundsson, Erró, ánaðnaði Listasafni Reykjavíkur stóran hluta verka sinna – og lagði þá jafnframt grunninn að Errósafni Listasafnsins en hluti þess er jafnan til sýnis í Hafnarhúsinu. Að þessu sinni hefur verið efnt til sýningar undir yfirskriftinni „Mannlýsingar“ og má þar sjá úrval verka úr safneigninni ásamt myndum sem safninu hafa áskotnast nýlega, þ.á.m. stafræn prent á striga af ýmsum eldri verkum. Vönduð sýningarskrá með ýmsum fróðlegum textum hefur verið gefin út í tilefni sýningarinnar.

Sýningin gæti allt eins heitið „menningarlýsingar“ því að í mannamyndum Errós er fólgin viðtæk umfjöllun um atburði og persónur mannkynsögunnar, og menningarhræringar í samtímanum. Má þar nefna klippimyndirnar *Visindamennirnir* (1986), sem sýnir andlitsmyndir af þekktum visindamönnum sögunnar eins og Einstein og Marie Curie, og ýmsum fyrirbærum sem þeim tengjast, og *Music Scape* (1996) þar sem sjást



Árvakur/Frikki

myndir af tónlistarfólki á borð við Haydn, Bach, Edith Piaf og Bob Dylan. Þá sjást myndir sem hverfast um þjóðarleiðtoga eins og Churchill, Elisabetu I drottningu, Kadhafi og Maó, og eru þessar persónur oft í óræðu merkingarsambandi. Margbrotnar myndsamsetningar Errós, sem íðulega eru glæsilega útfærðar, bjóða upp á mismunandi túlkningar og leik sem virðist oft á mörkum hins fjarstæðukennda. Þær kynda undir ímyndunarafl áhorfandans sem vissulega getur orðið ringlaður and-

spænis myndrænni ofgnóttinni – sem aftur á móti endurspeglar ímynda- og upplýsingaflæði hins tæknivædda og neyslubráða nútíma.

Sýningargestum er á greinargóðan hátt veitt innsýn í tilurð einstakra verka. Til dæmis má skoða skýringarmyndir, ljósrit og skissur þar sem Erró hefur merkt inn á nöfn persóna sem sjást í (fullunnum) verkum. Glerborð með sýnishorni af gríðarmiklu safni listamannsins af hvers kyns myndefni, tímaritum og bókum, varpar t.d.

Flokkun „Sýningin varpar einkar vel ljósi á hvernig Erró leitast ekki aðeins við að spegla hraða og ímyndaflæði samtímans, og ná utan um það, heldur einnig að vinna úr slíku flæði með því að skapa tengingar, og „flokka“ minningar; varðveita þær, en í reynd einnig búa þær til.“

ljósi á hvernig ritröð um „risa bókmenntanna“ verður kveikja að myndum af þekktum rithöfundum – auk þess að vera lúmsk athugasemd við hugtakið „heimsbókmenntir“. Þá tekur Erró eignarnámi myndlýs-

ingar úr bók fyrir börn um ævi 17. aldar listnálarans Rubens og skapar sína eigin „mannlýsingu“ á Rubens – lýsingu sem minnir helst á síðu úr myndasögublaði. Með slíkum hætti bendir hann á hvernig ímyndir eru alls staðar á floti í menningunni og að þær geta birst okkur í ólíku samhengi og með tilviljunarkenndum hætti, t.d. sem fundnir hlutir á flóamörkuðum.

Samruni ólíkra ímynda og mismunandi menningarsviða birtast einnig glögglega í myndum frá 7. áratugnum í F-sal af „skrímslum“ af ýmsu tagi og stendur sú sýning til 30. ágúst nk. Til dæmis má nefna portretmyndir af þekktum andlitum „hámenningarinnar“ er renna saman við ásjónur skrímsla sem eiga rætur í affþreyingariðnaði. Á ganginum þar hjá eru til sýnis þrjú kvikmyndaverk þar sem m.a. má sjá samklipp ljósmynda af Hollywoodstjörnum og hómöriska sýn á ýmsar ófreskjur kvikmyndasögur.

„Mannlýsingar“ hverfist um portrett af ýmsu tagi og verk sem unnin hafa verið í opinbert rými, verk sem jafnframt eru að stórum hluta minnisvarðar. Sýningin varpar því einkar vel ljósi á hvernig Erró leitast ekki aðeins við að spegla hraða og ímyndaflæði samtímans, og ná utan um það, heldur einnig að vinna úr slíku flæði með því að skapa tengingar, og „flokka“ minningar; varðveita þær, en í reynd einnig búa þær til. Par er athugull en ákafur þátttakandinn – neytandinn og safnarinn – að verki, sem jafnframt skilgreinir stöðu sína í heiminum. „Mannlýsingin“ á kannski ekki síst við um Erró sjálfan þegar allt kemur til alls.



Ljósafossstöð við Sog

Kristjana Samper

Vídeóverk

Bernsku minnar fossar

Skúlpúturar

Brot úr tilverunni

Sýningin er opin virka daga frá kl. 13–17 og um helgar frá kl. 13–18 í allt sumar.
Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum í sumar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.


Landsvirkjun
Árangur fyrir alla